

**Sþ.**

**238. Tillaga til þingsályktunar**

[122. mál]

um rannsókn á hlutdeild hinna einstöku atvinnugreina í þjóðarframleiðslunni.

Flm.: Jónas Pétursson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um rannsókn á eftirtöldum atriðum:

1. Hluta hveðrar atvinnugreinar í þjóðartekjunum, svo sem landbúnaðar, fiskveiða, iðnaðar og þjónustustarfa alls konar.
2. Skiptingu þjóðarinnar eftir atvinnu, þ. e. mannfjölda, sem starfar við hverja atvinnugrein og framfæri hefur af henni og hvers konar þjónustustörfum.
3. Heildarfjármagni, sem bundið er í atvinnuvegunum hverjum um sig, notkun rekstrarfjár, þætti ríkis og lánastofnana í verðmætasköpuninni.

Rannsókn þessi verði falin Framkvæmdabanka Íslands á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Verði rannsókn þessari hraðað eftir föngum og niðurstöður hennar birtar þjóðinni í ljósu og aðgengilegu formi.

**Greinargerð.**

Þingsályktunartillaga sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Í greinargerð till. þá var komið svo að orði:

„Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum það mikið nauðsynjamál, að framkvæmd verði gagnrýng og nákvæm rannsókn á því, hvern hlut atvinnuvegir landsmanna í heild eiga í framfærslu og lífsafkomu þjóðarinnar. Nauðsynlegt er, að fólkið í landinu fái réttar hugmyndir um það, hverjar þær stöðir eru, sem efnahagsafkoma þess og þjóðarinnar hvílir á. Þess er ekki að dyljast, að sumt í þeirri rannsókn, sem hér er lagt til að framkvæmd verði, er vandamt verkefni og flókið, annað auðveldara og liggur að verulegu leyti fyrir í hagskýrslum. En hagskýrslur eru ekki aðgengilegur fróðleikur, auk þess sem þær svara ekki öllum þeim spurningum, sem vikið er að í tillögu okkar. Teljum við því rétt og nauðsynlegt, að niðurstöður þessarar rannsóknar séu birtar fólkinu í svo ljósu og aðgengilegu formi sem kostur er, með skýrslugerð og umsögn og þó ekki sízt með línuritum, stuðlum og myndagerð. Á þessu ári fer fram aðalmanntal

með þjóðinni (þ. e. 1960). Er því nú hentugt tækifæri til þess að fá fram nákvæmar upplýsingar samkvæmt 2. tölulið tillögunnar. Vafalaust má eitthvað deila um skiptingu atvinnunnar og þá einkum að því er tekur til ýmissa þjónustustarfa og einnig um hlut iðnaðarins, sem tengdur er undirstöðuatvinnuvegunum, fiskveiðum og landbúnaði. En við treystum því, að öll vandamál, sem fylgja þessari rannsókn, verði leyst rökrænt og sanngjarnlega — —“.

Síðasta búnaðarþing samþykkti svo hljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing beinir þeirri áskorun til Stéttarsambands bænda, að það láti gera rannsókn á hlutdeild landbúnaðarins í þjóðarframleiðslunni samanborið við aðra atvinnuvegi. Niðurstöður þessarar rannsóknar verði birtar almenningi.

Verði m. a. athuguð eftirfarandi atriði:

1. Hvað landbúnaðarframleiðslan er mikil að verðgildi og hve mörg % hún er af heildarframleiðslu þjóðarinnar.
2. Hvað gjaldeyriseyðsla landbúnaðarins er mörg % af innflutningi þjóðarinnar.
3. Hvernig áfallnar ríkisábyrgðir skiptast milli atvinnuveganna síðustu ár.
4. Hvað framleiðsla landbúnaðarins er mikil miðað við fólksstölu í samanburði við aðrar framleiðslugreinar.“

Þessi ályktun búnaðarþings gengur í sömu átt og þáttill. sú, er hér er flutt, enda fram komin nokkru eftir flutning okkar þáttill. á Alþingi í fyrra. En hún gengur skemmra og biður ekki um svör við nema sumum þeim spurningum, sem svara þarf. Ljóst er, að þau svör fást ekki, nema rannsóknin sé alger og í því formi, sem hér er lagt til. En ályktun búnaðarþings er hér tilfærð til að sýna, að mál þetta á að baki sér mikinn áhuga þeirra, er landbúnað hafa efst í huga.

Við flutningsmenn höfum leitað álits hagfróðra manna um þetta mál. Telja þeir sumt, er tillagan fjallar um, mjög örðugt viðfangs, en viðurkenna jafnframt nauðsyn þess, að það komi til framkvæmda. En annað í þessari rannsókn er hins vegar að þeirra áliti auðveldara, sumt þegar til staðar í hagskýrslum eða verið að vinna að, t. d. í sambandi við áætlunargerð hinna norsku hagfræðinga, er hér hafa verið á vegum ríkisstjórnarinnar.

Í niðurlagi greinargerðar þeirrar, er við birtum með þáttill., er lá fyrir síðasta þingi, segir svo:

„Við leggjum á það ríka áherzlu, að sú rannsókn, er við viljum að gerð verði, geti farið fram sem fyrst. Niðurstöður hennar skapa grundvöll fyrir réttu mati á efnahagslegu gildi atvinnuveganna, eiga að fyrirbyggja sleggjudóma, vanmat eða ofmat, kryt og ofsjonir. Hún á að styðja að því, að gagnkvæmur skilningur ríki meðal fólksins í landinu, hvaða störf eða verkefni sem það hefur með höndum.“

Þessi niðurlagsorð fela í sér þau meginrök, er við höfum í huga. Það ætti að vera grundvallaratriði allrar fræðslu í landinu að gera ungu fólki ljóst, hvar það leggst í lífsstarfi sínu þyngst á ár til aukinnar hagsældar í þjóðfélaginu. Sú fræðsla verður ekki veitt án þess að grundvallast á þekkingu um efnahagslegt gildi atvinnuveganna, sem framkvæmd þessarar þáttill. á að skapa.